

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 20. maí 2020
UST202005-095/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012 – 2030 og nýtt deiliskipulag – Svínhólar

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012 – 2030 og nýju deiliskipulagi fyrir land Svínhóla.

Í greinargerð kemur fram að markmið breytinganna er að staðsetja nýtt verslunar- og þjónustusvæði að Svínhólum í Lónum á landi sem nú er skilgreint sem landbúnaðarland. Auk þess kemur fram að skilmálar svæðisins gera ráð fyrir allt að tveggja hæða 55 herbergja hóteli, alls um 3.000 m² að stærð, og 15 íbúðum í stökum smáhýsum innan hótellóðar fyrir allt að 203 gesti. Auk þess er gert ráð fyrir heilsurækt, veitingastöðum, þjónusturými, 20 einbýlishúsum og aðstöðu fyrir starfsmenn. Tillagan gerir einnig ráð fyrir nýju 52 ha. skógræktarsvæði undir nytjaskógrækt.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi matsskyldufyrirspurn verkefnisins til Skipulagsstofnunar dags. 12. nóvember 2019.

Sérstök vernd

Á skipulagssvæðinu eru leirur, votlendi og fossar sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í breytingartillögu aðalskipulagsins kemur fram að í deiliskipulagi verða settir skilmálar um að raska ekki votlendissvæðum sem heyra undir sérstaka vernd. Sjá má í greinargerð deiliskipulagstillögunnar slíka skilmála. Votlendið er afmarkað inni á uppdrætti og telur Umhverfisstofnun æskilegt að það komi fram í tillögunni við hvaða gögn er stuðst við afmörkun votlendis.

Umhverfisstofnun bendir á að byggingareitur hótelsins liggur yfir afmarkað votlendi. Gert er ráð fyrir í tillögunni töluverðu byggingarmagni, götum og bílastæðum og telur því Umhverfisstofnun mikilvægt að vatnsrennsli sé tryggt í votlendið og að framkvæmdir hafi ekki þurrkahrif.

Í breytingartillögu aðalskipulagsins kemur fram að skógræktarsvæði ná að gljúfri Össurár en á þeim kafla eru þrír fossar sem heyra undir sérstaka vernd og við uppgræðslu skógar verði þess gætt að umhverfi þeirra og sýn að þeim spillist ekki. Í deiliskipulagstillögunni kemur fram að uppgræðsla skógræktar verður unnin í nánú samstarfi við Skógræktina og að hún verði þannig að hún skerði ekki sýn að fossunum.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að tillagan raski ekki vistkerfum og jarðminjum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að rekstraraðili skal vakta vatnsgæði í Lóni við fráveitu í samvinnu við heilbrigðiseftirlit. Umhverfisstofnun tekur undir áform um vöktun á viðtaka og telur að slík vöktun ætti að vera við útrás frárennslis og fylgst verði með áhrifum frárennslis á viðtakann og lífríki svæðisins. Stofnunin bendir á að meta ætti grunnástand viðtaka áður en áætlaðar framkvæmdir hefjist svo ljóst sé hvaða ástandi skal viðhaldið.


Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð er ekki fjallað sérstaklega um fráveitu frá heilsulindum og líkamsræktaraðstöðu hótelsins. Umhverfisstofnun bendir á að í minnisblaði framkvæmdaraðila, dags. 28. október 2019 varðandi matsskyldufyrirspurna vegna verkefnisins, kemur fram að: „*Tryggt verður að klór í frárennslis baðvatns frá heilsulind muni ekki menga umhverfið, með sérmeðhöndlun í sérstöku hreinsivirki ef á því þarf að halda*“ (bls. 1).

Umhverfisstofnun telur æskilegt að það komi fram í skipulagstillögunni hvers konar frárennslis baðvatns komi frá heilsulind og telur stofnunin brýnt að tryggja að klór verði ekki losaður út með grávatni í því magni að hann hafi neikvæð áhrif á viðtakann. Stofnunin minnir einnig á að slík heilsulind og spa þurfi að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakei Kristjánsdóttir
sérfræðingur